



# Skautasamband Íslands: Reglugerð

## Reglugerð um Vanhæfi

Stjórnar/nefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu mála þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Stjórnar/nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

- ef hann er aðili máls.
- ef hann er með fjölskyldutengsl við málsaðila.
- ef að öðru leyti eru fyrir hendi aðstæður sem fallnar eru til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Stjórnar/nefndarmaður sem veit að hæfi sitt orkar tvímælis ber að vekja athygli á því. Stjórnar/nefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni.

Stjórnar/nefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundinn og þess getið í fundargerð.